



**46. fundur Heimastjórnar Djúpavogs  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 8. febrúar 2024  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Guðný Lára Guðrúnardóttir formaður, Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður og Eiður Ragnarsson fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Gauti Jóhannesson, fulltrúi sveitarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 202203219 - Cittaslow**

Fyrir fundinum lágu fundargerðir samráðshóps um Cittaslow.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202210003 - Þjónusta við ferðafólk á Djúpavogi**

Aron Thorarensen lögfræðingur hjá Múlaþingi sat fundinn undir þessum lið.

AT og GJ fóru yfir stöðu málsins. AT og fulltrúa sveitarstjóra falið að vinna að málinu áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

**Gestir**

Aron Thorarensen - 10:05

**3. 202402008 - Erindi, samstarf um starfsemi nytjamarkaðarins Notó Djúpavogi**

Fyrir fundinum lá erindi frá Foreldrafélagi Djúpavogsskóla varðandi Notó nytjamarkað.

Heimastjórn á Djúpavogi tekur undir með foreldrafélaginu og beinir því til sveitarstjórnar að hugað verði án tafar að aðstöðu til móttöku nytjahluta í samstarfi við félagið.

Samþykkt samhljóða.

**4. 202209131 - Staða verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði**

Lagt fram til kynningar.

**5. 202201165 - Kröfur ríkisins um þjóðlendur á Austfjörðum**



Fyrir fundinum lá greinargerð vegna Markúsarsels og Tunguhlíðar í tengslum við kröfur ríkisins um þjóðlendur á Austfjörðum.

Lagt fram til kynningar.

**6. 202401087 - Sértaekur byggðakvóti, Djúpivogur**

Fyrir fundinum lá bókun byggðaráðs dags. 23. janúar 2024 varðandi sértaekan byggðakvóta fyrir Djúpavog.

"Þar sem fyrir liggur að samningur Byggðastofnunar og Búlandstinds ehf./Ósness ehf. um sértaekan byggðakvóta rennur út á þessu ári leggur byggðaráð Múlaþings áherslu á að umræddur samningur verði endurnýjaður. Sá sértaeki byggðakvóti sem hér um ræðir hefur skipt sköpum í því að viðhalda atvinnustarfsemi á Djúpavogi undanfarin ár og áframhaldandi úthlutun mun hafa veruleg áhrif í þá veru að tryggja áframhaldandi trausta og uppbyggilega atvinnustarfsemi á Djúpavogi."

Heimastjórn tekur undir bókun byggðaráðs. Byggðakvótinn sem um ræðir hefur skipt sköpum fyrir atvinnulífið á staðnum og mikilvægt að framhald verði á úthlutun hans.

Samþykkt samhljóða.

**7. 202402026 - Fuglasafn á Djúpavogi**

Fyrir fundinum lá erindi frá Stefáni Skafta Steinólfssyni varðandi fuglasafn á Djúpavogi.

Heimastjórn líst vel á erindið og felur starfsmanni að vinna málið áfram og fá nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi með það fyrir augum að hægt verði að afgreiða það formlega á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

**8. 202208129 - Stefnumótun og greining varðandi skemmtiferðaskipakomur á Austurlandi**

Fyrir fundinum lá samantekt á niðurstöðum viðhorfskönnunar íbúa í Múlaþingi til komu skemmtiferðaskipa.

Heimastjórn á Djúpavogi finnst mikilvægt að nú liggi fyrir hvert viðhorf íbúa til komu skemmtiferðaskipa er og leggur áherslu á að brugðist verði við ábendingum um hvað megi betur fara og að áfram verði unnið að því sem vel er gert.

Samþykkt samhljóða.

**9. 202402013 - Umsagnarbeiðni um 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)**

Fyrir fundinum lá til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).



Heimastjórn á Djúpavogi er andvíg kvótasetningu á grásleppa og telur að sú ráðstöfun komi m.a. í veg fyrir nýliðun í greininni.

Samþykkt samhljóða.

#### 10. **202401014 - Samfélagsverkefni heimastjórna 2024**

Fyrir fundinum lá bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs dags. 29. janúar um samfélagsverkefni heimastjórna 2024.

"Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir hugmyndum heimastjórna að samfélagsverkefnum í samræmi við fjárhagsáætlun og umræður á fundinum og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að fylgja málinu eftir til formanna heimastjórna. Skipting fjármuna verður óbreytt frá fyrra ári þegar heimastjórnir Borgarfjarðar, Djúpavogs og Seyðisfjarðar fengu 2 milljónir hver til umráða og heimastjórn Fljótshálsa 4 milljónir."

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Fram að þeim tíma eru íbúar hvattir til að koma hugmyndum sínum á framfæri á heimasíðu sveitarfélagsins, við fulltrúa í heimastjórn beint eða fulltrúa sveitarstjóra.

Samþykkt samhljóða.

#### 11. **202401124 - Samráðsgátt. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu**

Fyrir fundinum lá bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs dags. 29. janúar vegna reglugerðar um sjálfbæra nýtingu.

"Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela verkefnastjóra umhverfismála að vinna drög að umsögn í samráði við formann ráðsins auk þess að fá umsagnir frá heimastjórnnum."

Heimastjórn á Djúpavogi er hlynnt sjálfbærri landnýtingu en leggur áherslu á að meginreglur og viðmið sem sett eru fram í reglugerðinni komi ekki í veg fyrir eðlilega framþróun og uppbyggingu í samfélaginu.

Starfsmanni falið að koma áherslum heimastjórnar að öðru leyti á framfæri í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

#### 12. **202110018 - Leiðbeiningar m.a. um skipan sveitarstjórna, ritun fundagerða og fjarfundi sveitarstjórna**

Fyrir fundinum lá minnisblað frá skrifstofustjóra varðandi áherslur í 39. grein samþykktar um stjórn Múlaþings er snýr að framkvæmd fjarfunda m.a.

Lagt fram til kynningar.

#### 13. **202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi**

Faktorshús: Framkvæmdir á jarðhæð ganga vel. Búið er að klæða útveggi og setja upp milliveggi. Stefnt er að því að taka aðstöðuna í notkun um



Hammondhelgina.

Hitaveituf framkvæmdir: Borun eftir heitu vatni er hafin og vonast til að niðurstöður um hvort þar er nægt heitt vatn að finna munu liggja fyrir í kjölfarið.

Björgunarmiðstöð: Eftir nánari skoðun hefur verið ákveðið að björgunarsveitin mun ekki taka þátt í byggingu sérstakrar björgunarmiðstöðvar. Er sú ákvörðun m.a. tekin vegna kostnaðar við bygginguna.

Stefnumörkun hafna: Í nýrri stefnumörkun hafna Múlapings er gert ráð fyrir að hámarksfjöldi farþega í landi á Djúpavogi hverju sinni verði ekki meiri en 2500 í framtíðinni. Þetta á ekki við um þau skip sem þegar hafa þantað aðstöðu í höfninni. Fylgjast má með komum skipa á slóðinni <https://portsofmulathing.is/is/cruise-ship-arrivals/>.

Öxi - viðhald og vetrarþjónusta: Að sögn Vegagerðarinnar hefur þjónustutímabilið verið lengt í báðar áttir. Byrjað sé fyrr á vorin og mokað lengur - og farið um miðjan vetur þegar snjólétt er.

#### **14. 202010614 - Fundir Heimastjórnar Djúpavogs**

Næsti reglulegi fundur heimastjórnar á Djúpavogi verður haldinn fimmtudaginn 7. mars næstkomandi kl. 10:00. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast starfsmanni heimastjórnar fyrir kl. 15:00 mánudaginn 4. mars á netfangið [eidur.ragnarsson@mulathing.is](mailto:eidur.ragnarsson@mulathing.is).

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45**

